

## ENDANLEGIR SKILMÁLAR

20. október 2022

Lánsjóður sveitarfélaga ohf.

Útgáfa á ISK 1.310.000.000 í skuldabréfaflokknum LSS 39 0303

Þessir endanlegu skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlysingu útgefanda, dagsettri 23. júlí 2021, skv. 6., 14. og 28. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980 um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst í samræmi við 8. gr. ofangreindrar reglugerðar og lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og þá verður að tulká í samræmi við grunnlysingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur. Útboð á skuldabréfunum fer einungis fram á Íslandi og hafa tilkynningar sem varða skuldabréfin einungis verið birtar á Íslandi.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlysingu dagsettri 23. júlí, 2021. Grunnlysinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu Lánsjóðsins <https://www.lansjodur.is/fjarfestar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfin með því að lesa saman, mögulega viðauka við hana og þessa endanlegu skilmála. Samantekt í tengslum við útgáfu skuldabréfanna er að finna í hluta II af endanlegum skilmálum þessum.

Greinar eru tölusettar í þessum endanlegu skilmálum og vísa í greinar um skilmála bréfanna í kafla 7 í grunnlysingunni

### Hluti I: Endanlegir skilmálar

<b>Grein 1</b> <b>Nafnverðseiningar, heildarheimild, útgáfudagur og gjaldmiðill</b>	Grein 1 gildir um skuldabréfin Útgáfudagur skuldabréfanna: 24. október 2022 Útgáfugjaldmiðill skuldabréfanna: ISK Nafnverð útgáfu: 1.310.000.000 Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð): á ekki við Áður útgefið skuldabréf í flokki: 3.390.000.000 Heildarheimild til útgáfu: 25.000.000.000 Nafnverðseiningar: 1 ISIN númer: IS0000033942
<b>Grein 2</b> <b>Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag</b>	Grein 2 gildir um skuldabréfin Verðbréfamiðstöð: Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
<b>Grein 3</b> <b>Endurgreiðsla höfuðstóls</b>	Jafnar afborganir og gildir grein 3.3 um útreikning höfuðstóls Fyrsta greiðsla afborgana: 3. september 2024 Heildarfjöldi afborgana: 30 Tíðni afborgana: Tvisvar á ári Lokajalddagi: 3. mars 2039
<b>Grein 4</b> <b>Uppgreiðsluheimild að vali útgefanda</b>	Útgefanda er óheimilt að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna og gildir grein 4.2 um skuldabréfin
<b>Grein 5</b> <b>Vextir</b>	Fastir ársvextir: 1,0% og gildir grein 5.1 um skuldabréfin Fyrsta vaxtagreiðsla: 3. september 2022 Fyrsti vaxtagdagur: 3. mars 2022 Heildarfjöldi vaxtagreiðslna: 34 Tíðni vaxtagreiðslna: Tvisvar á ári
<b>Grein 6</b> <b>Verðtrygging</b>	Skuldabréfin eru verðtryggð og gildir grein 6.1 um þau Verðtryggingarvíspala: Víspala neysluverðs (VNV) til verðtryggingar, dagvíspala. Grunnvísítölugildi: 518,30 þann 3. mars 2022

<b>Grein 7</b> Dagareglar	Dagareglar: 30E/360
<b>Grein 8</b> Ávöxtun á söludegi og útreikningur	Ávöxtunarkrafa þann 19. október 2022 var 2,90% og sölugengi 91,700449. Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins til lokagjalddaga sé jafnt söluberðinu (ávöxtunarkrafa til lokagjalddaga).
<b>Grein 9</b> Taka til viðskipta	Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð 1.310.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 24. október 2022.

Skuldabréf í floknum verða sold til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 24. október 2022. Frekari útgáfur verða soldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokaðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánaþóður sveitarfélaga.


Lánaþóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,15% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánaþóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skuldabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf., Laugavegi 182, Reykjavík, sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánaþóður sveitarfélaga ISK 130.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 1.945.939. Að auki greiðir Lánaþóðurinn árlegt fast gjald ISK 120.000 fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. ásamt ársfjórðungslegu markaðstengdu gjaldi sem nemur 0,0005% af markaðsvirði skuldabréfaflokkins hverju sinni. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta á Íslandi en ekki í öðrum löndum.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 1.201.275.882. Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósoluandvirði útgáfunnar 1.199.329.943.

#### Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 20. október 2022:



sem hefur til þess fullt umboð

## II: Samantekt

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. lýsingarreglugerðarinnar 2017/1129 og 9. gr. framseldrar reglugerðar 2019/979. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

### 1 INNGANGUR OG VARNAÐARORD

Samantekt þessa skal lesa sem inngang að grunnlysingu dagsetri 23. júlí 2021 ásamt endanlegum skilmálum dagsettum 20. október 2022, útgefnum af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. („útgefandi“ eða „Lánasjóðurinn“), sem varða tiltekin skuldabréf útgefín af Lánasjóði sveitarfélaga. Auðkenni verðbréfanna er LSS 39 0303 og er ISIN-númer þeirra IS0000033942. Útgefandi er Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kennitala er 580407-1100. Tölvupóstfang er lanasjodur@lanasjodur.is og símanúmer +354 515 4900. LEI auðkenni útgefanda er 2138002IF266ITSZ8939. Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 14/2020 sem veittu ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129 lagagildi hér á landi með aðlögunum skv. 2. gr. laganna.

Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur byggja á mati fjárfestisins á lýsingunni í heild. Vakin er athygli á því að fjárfestir kann að tapa allri eða hluta af fjárfestingu sinni og vísa til kafla um áhættuþætti í lýsingunni hvað þá áhættu varðar. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlysingu útgefanda gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft, samkvæmt landslögum, að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málreksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, b.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir ihuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

Það lögbæra yfirvald sem staðfestir lýsinguna er Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið).

### 2 LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

#### 2.1 Hver er útgefandi verðbréfanna?

Lög- og viðskiptaheiti útgefanda er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. Kennitala sjóðsins er 580407-1100 og LEI númer er 2138002IF266ITSZ8939. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Íslandi. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi. Sími á skrifstofu félagsins er 515-4900 og almennt netfang er lanasjodur@lanasjodur.is. Slóð á vefsíðu félagsins er [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is) en efni vefsíðunnar er ekki hluti af grunnlysingu þessari. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var Lánasjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

Lánasjóðurinn er lánaþyrirtæki sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálfyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar.

Allt hlutafé í útgefanda er eigu íslenskra sveitarfélaga enda kveða samþyktir útgefanda á um að hlutir í félagini geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra. Einungis er einn flokkur hlutafjár útgefinn af Lánasjóðnum. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félagini. Hluti í félagini má ekki veðsetja eða gefa. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum og gildir sá réttur hvort sem eigendaskipti verða við sölu eða aðför. Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag sem er ekki beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum eins aðila. Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn með 17,47% hlut og eini hluthafinn með virkan eignarhlut (yfir 10%) samkvæmt 40. gr. laga um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins er Óttar Guðjónsson.

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var þann 1. apríl 2022.

Á aðalfundi Lánasjóðsins þann 1. apríl 2022 var KPMG kosið sem endurskoðunarfélag sjóðsins til næstu 5 ára. Fyrir hönd KPMG mun Hrafnhildur Helgadóttir, löggildur endurskoðandi og félagi í Félagi löggilda endurskoðanda (FLE) endurskoða og árita ársreikninga, fyrst vegna ársins 2022 og kanna og árita árshlutareikninga Lánasjóðsins, fyrst 30. júní 2022.

#### 2.2 [Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann]

Eftirfarandi er yfirlit yfir lykilfjárhagsupplýsingar útgefanda úr ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2020 og 2021 en einnig úr árshlutareikningum 30. júní 2022 (1H 2021) og 30. júní 2020 (1H 2020). Þeir ársreikningar og árshlutareikningar sem upplýsingarnar ná til hafa verið áritaðir án fyrirvara af PricewaterhouseCoopers ehf. sem er óháður endurskoðandi útgefanda.]

Tölur eru í milljónum króna:

Tafla 1 – Rekstrarreikningur

	2021	2020	1H 2021	1H 2020
Hreinar vaxtatekjur	686	803	341	429
Aðrar rekstrartekjur	102	200	24	158
Hrein þóknun og umboðstekjur				
Hreint virðisrýrnunartap á fjáreignum				
Hreinar tekjur af viðskiptum				
Hreinar rekstrartekjur	787	1.003	365	587
Hagnaður	536	783	248	478

Tafla 2 - Efnahagsrekningur

	2021	2020	1H 2021	1H 2020
Heildareignir	168.087	143.593	159.506	130.471
Verðbréfaútgáfa	146.577	122.529	138.208	107.845
Víkjandi skuldir				
Langtímalán til sveitarfélaga	159.876	135.712	152.429	122.116
Innistæður frá viðskiptavinum				
Eigið fé alls	19.598	19.062	19.310	18.756

### 2.3 Helstu áhættuþættir sem eru sértaðir fyrir útgefandann

**Útlánaáhætta** er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánaþjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánaþjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Við síðustu reikningsskil voru öll langtímalán útgefanda með veði í tekjum sveitarfélaga.

**Mótaðila- og gengisáhætta** er takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en Lánaþjóðurinn ávaxtar lausafé sitt í fjármálagerningum gefnum út af fyrrgreindum aðilum.

**Vaxtaáhætta:** stefna útgefanda að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra.

**Verðbólguáhætta** er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda.

**Gjaldeyrisáhætta:** stefna Lánaþjóðsins er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af, og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan gjaldeyrisreglna Seðlabanka Íslands, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

**Lausafjár- og fjármögnunaráhætta** er hættan á að Lánaþjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánaþjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

**Rekstraráhætta:** stefna Lánaþjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánnssamninga. Þá hefur stefna Lánaþjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldspjónustu og dreifa verkpáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu.

**Starfsmannaáhætta** Lánaþjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánaþjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánaþjóðsins og sambandsins.

**Lagaleg áhætta** Lánaþjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánaþjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánaþjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkólluð.

### **3 LÝKILUPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN**

#### **3.1 Helstu eiginleikar verðbréfanna**

Auðkenni skuldabréfanna er LSS 39 0303 og er ISIN-númer þeirra IS0000033942. Um er að ræða verðtryggð skuldabréf með jöfnum afborgunum, bundin vísitölum neysluverðs til verðtryggingar á Íslandi, birt af Hagstofu Íslands.

Gefin eru nú út skuldabréf að nafnverði 1.310.000.000 en áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta skuldabréf að fjárhæð 3.390.000.000 kr. í sama flokki. Heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki er 25.000.000.000. Skuldabréfin eru gefin út í 1. kr. nafnverðseiningum og eru gefin út í íslenskum krónum.

Höfuðstóll verður endurgreiddur með 30 jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga. Vextir og verðbætur greiðast með 34 greiðslum á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga. Gjalddagar afborgana og vaxta eru 3. mars og 3. september hvert ár. Af höfuðstóli skuldarinnar greiðast 1,00% fastir ársvextir. Útgefanda er óheimilt einhliða að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna.

Höfuðstóll er bundinn vísitölum neysluverðs og miðast við grunnvísitölugildið 518,30 þann 3. mars 2022.

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamarkaðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (einnig „verðbréfamarkaðstöð“).

Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum. Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum. Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna.

Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétttháar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.

#### **3.2 Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?**

Óskað verður eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fjármálagerninga. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

#### **3.3 Eru verðbréfin með ábyrgð?**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma.

#### **3.4 Helstu áhættubættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin**

**Almennt áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum:** kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér efni grunnlysingarinnar og tilheyrandí viðauka af kostgæfni. Fjárfestum er enn fremur ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréf Lánasjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á að leita sér náhari upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga ef þeir þarfnaðar eru í ljós um óhættuþáttum. Áhættubættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað.

**Útlánaáhætta** er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfaríð í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Við síðustu reikningsskil voru öll langtímalán útgefanda með veði í tekjum sveitarfélaga.

**Mótaðila- og gengisáhætta** er takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en Lánasjóðurinn ávaxtar lausafé sitt í fjármálagerningum gefnum út af fyrrgreindum aðilum.

**Vaxtaáhætta:** stefna útgefanda að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra.

**Verðbólguáhætta** er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda.

**Gjaldeyrisáhætta:** stefna Lánasjóðsins er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af, og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan gjaldeyrisreglna Seðlabanka Íslands, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

**Lausafjár- og fjármögnunaráhætta** er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárvöldu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

**Rekstraráhætta:** stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánsamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldspjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu.

**Starfsmannaáhætta** Lánaþjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárvíðingar. Jafnframt hefur Lánaþjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánaþjóðsins og sambandsins.

**Lagaleg áhætta** Lánaþjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánaþjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnaða. Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánaþjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð.

#### **4 LYKILUPPLÝSINGAR UM TÖKU TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM MARKAÐI**

**4.1 Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?**

Á ekki við.

**4.2 Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta**

Sá aðili sem óskar eftir töku verðbréfanna til viðskipta er útgefandinn, Lánaþjóður sveitarfélaga ohf.

**4.3 Hvers vegna er þessi lýsing gerð?**

Ástæða fyrir töku til viðskipta: Verið er að gefa út nýjan flokk skuldabréfa LSS 39 0303 og óskað verður eftir því að hin nýju bréf verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nettófjárhæð útboðsins verður notuð til lánveitinga til íslenskra sveitarfélaga. Áætluð nettófjárhæð útgáfunnar er 1.199.329.943. Að undanskildum kostnaði greiddum til viðskiptavaka Lánaþjóðsins er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.